# Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2024

## SJÓN1TF05

| | | |
|---|---|---|
| **Kennari** | Gunnhildur Þórðardóttir<br>netfang: gunnhildur.thordardottir@fss.is |  |
| **Viðtalstími** | föstudagar frá kl. 14 til 14:40 | |
| **Námsefni** | Ljósrit frá kennara og annað efni (farið á sýningar, listaverkabækur). | |
| **Áfangalýsing** | Í áfanganum læra nemendur grunnatriði sjónlista. Námið er í þremur hlutum. Í fyrsta hlutanum er lögð áhersla á að þjálfa formskilning með greiningu einfaldra forma, svo sem kassa – og kúluforma, og athugun á náttúruformum. Í næsta hluta einbeita nemendur sér að skoðun umhverfisins. Þeir teikna rýmið í kringum sig, innanhúss og utan, og læra þannig forsendur eins og tveggja punkta fjarvíddar. Að lokum læra þeir að teikna mannslíkamann. Þar læra þeir að greina rétt stærðarhlutföll líkamans, stöðu og styttingar í rýminu. Í tengslum við vinnuna í teikningu er lögð á það áhersla að nemendur reyni að gera sér grein fyrir því í hvers konar samhengi þeir gætu nýtt sér þessa þjálfun. Þeir eru hvattir til að þróa hugmyndir sínar áfram á þessu stigi og að nota skissubækur við þá þróun. Í þessu samhengi eru þeim kynntar forsendur tákn- og merkingarfræði og teikningar þeirra skoðaðar út frá dæmum um sams konar áherslur í heiminum almennt. Rík áhersla er lögð á umræður og að nemendur geti greint niðurstöður sínar frá táknfræðilegum forsendum. | |

| | |
|---|---|
| **Námsmat og vægi námsmatsþátta** | Skilyrði til að ljúka áfanganum er að nemandi klári öll verkefni sem lögð eru fyrir og skili á réttum tíma.<br>**Símatsáfangi** ☒ **Lokapróf** ☐ **Sleppikerfi** ☐ |

| Heiti | Vægi |
|---|---|
| Verkefni | 50% |
| Skissubók | 25% |
| Virkni og raunmæting í kennslustundum | 25% |

| | |
|---|---|
| **Reglur áfanga** | Athugasemdir vegna viðveruskráningar verða að berast kennara innan viku. Nemendur skulu ávallt ganga frá eftir sig eftir kennslustund.<br>**Slökkt skal vera á farsímum í kennslustundum nema að annað sé tekið fram.** |

| | |
|---|---|
| **Annað sem kennari vill láta koma fram** | Efnisgjald; sjá Innu<br>Það sem nemandi þarf að kaupa:<br>Teikniblýantar: HB, 2B, 4B og 6B<br>Strokleður og yddari<br>Skissubók<br>T-stika ca. 50 cm. |

| **Þekking** | **Leikni** |
|---|---|
| Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• eðli, uppbyggingu og samsetningu mismunandi forma<br>• mikilvægi grunnforma í myndsköpun<br>• skynjun mismunandi forma í nánasta umhverfi og nýtingu þeirra í teiknivinnunni<br>• mikilvægi samspils hugar og handa<br>• því hvernig fjarvíddarstyttingar breyta myndinni | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• skyggja og sneiða form á blaði, eins og kúlu, kassa, keilu, píramída og rör þannig að þau virðist eðlileg í rými<br>• teikna einfaldar skissur út frá mismunandi fyrirmyndum<br>• teikna einfalda hluti þannig að þeir sýnist réttir í rýminu<br>• teikna einföld náttúruform þannig að þau verði trúverðug<br>• teikna einfaldar rýmismyndir í fjarvídd og réttum hlutföllum |

| **Hæfni** |
|---|
| Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br>• beita táknfræðilegum rökum við umræðu um mögulega merkingu óhlutbundinna mynda og hlutbundinna mynda<br>• sýna að hann geti þróað hugmyndir sínar út frá teiknivinnunni<br>• hagnýta sér tæki eins og skissubækur við hugmyndavinnuna<br>• ræða og rökstyðja þær hugmyndir sem hann túlkar í verkum sínum |

| **Vinnuáætlun** | | |
|---|---|---|
| **Tímasókn** | 16 vikur x 4 klst. | 64 klst. |
| **Heimavinna** | 16 vikur x 2 klst. | 32 klst. |
| **Rannsóknarvinna** | 3 x 2 klst. | 6 klst. |
| **Undirbúningur f. skil** | 12 klst. | 12 klst. |
| **Undirbúningur fyrir sýningu** | 2 klst. | 2 klst. |
| **Alls** | | **116 klst. = 5 fein*** |

| Kennsluvikur | Áætluð yfirferð námsefnis | Skil á verkefnum |
|---|---|---|
| **1. vika**<br>19. - 23. ágúst | Kynning – kennsluáætlun – formfræði – myndband<br>Formfræði – teikning | Heimavinna: ýmis rannsóknarvinna, 2 skissur á viku í skissubók, lágmark. |
| **2. vika**<br>26. - 30. ágúst | Formfræði – teikning – myndband<br>Formfræði – teikning – uppstilling | Skissubók – 2 skissur (4) |
| **3. vika**<br>2. - 6. september | Uppstilling – teikning<br>Fjarvídd – teikning | Skissubok – 2 skissur (6) |
| **4. vika**<br>9. - 13. september | Fjarvídd – teikning | Skissubok – 2 skissur (8) |
| **5. vika**<br>16. - 20. september | Fjarvídd – teikning | Skissubok – 2 skissur (10) |
| **6. vika**<br>23. - 27. september | Módelteikning | Skissubok – 2 skissur (12) |
| **7. vika**<br>30. september - 4. október | Módelteikning | Skissubok – 2 skissur (14) |
| **8. vika**<br>7. - 11. október<br>*Námsmatsdagur* | Frágangur og verkefnaskil til kennara<br><br>Kynning – kennsluáætlun – formfræði – myndbygging<br>Formfræði – myndbygging | Skissubok – 2 skissur (16) |
| **9. vika**<br>14. - 18. október<br>*Miðannarmat* | Formfræði – myndbygging – gullinsnið<br>Formfræði – litafræði | Skissubok – 2 skissur (18) |
| **10. vika**<br>21. - 24. október<br>*Vetrarleyfi 25. okt.* | Formfræði – litafræði<br>Formfræði – litafræði – jafnvægi og þungi | Skissubok – 2 skissur (20) |
| **11. vika**<br>29. október - 1. nóvember<br>*Vetrarleyfi 28 .okt.* | Formfræði – litafræði – jafnvægi og þungi<br>Formfræði – litafræði – línur og túlkun | Skissubok – 2 skissur (22) |
| **12. vika**<br>4. - 8. nóvember | Formfræði – litafræði – línur og túlkun – undirbúningur lokaverkefnis | Skissubok – 2 skissur (24) |
| **13. vika**<br>11. - 15. nóvember | Lokaverkefni – úrvinnsla | Skissubok – 2 skissur (26) |
| **14. vika**<br>18. - 22. nóvember | Lokaverkefni – úrvinnsla | Skissubok – 2 skissur (28) |
| **15. vika**<br>25. - 29. nóvember | Lokaverkefni – úrvinnsla | Skissubok – 2 skissur (30) |
| **16. vika**<br>2. - 6. desember | Frágangur, skil á verkefnamöppu og skissubók | Skissubok – 2 skissur (32) |

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Gunnhildur Þórðardóttir*